

MONSTER



2-4



7+




15 - 20



BYGGÐU



Það er komin nótt í kirkjugarðinum og skrímslin eru komin á stjá til að leika við beinagrindurnar. Sá sem er fyrstur að ná fjórum skrímslum í röð vinnur.




Markmið leiksins

Sá sem er fyrstur að fá fjóra í röð með sínum skrímslum og beinagrindum vinnur. Passið ykkur á stóru svörtu köngulónni því hún getur hrætt skrímslin í burtu.

Að setja upp spilið

Byggðu leikinn með LEGO® leiðbeiningunum sem fylgdu með spilinu áður en þú byrjar að spila. Það að setja saman leikinn kennir þér meira um kubbana og hvernig hægt er að nota þá. Þetta hjálpar þér þegar þú setur spilið aftur saman eða breytir reglum leiksins seinna.

Settu saman LEGO® teninginn með lituðu flísunum sem sýndar eru hér fyrir neðan:



Með spilinu fylgir tól sem þú getur notað til að taka flísarnar af LEGO® teningnum.

Í hvert skipti sem þú byrjar að spila skaltu setja Legoið saman eins og það er hér fyrir ofan eða á síðustu blaðsíðunni í leiðbeiningunum.

Áður en þið byrjið á hver leikmaður að velja lit og tegund af skrímslum og tekur fjögur.



SPILAÐU

Að spila leikinn

Yngsti leikmaðurinn byrjar. Síðan skiptist þið á gera réttisælis.

Hver leikmaður byrjar sína umferð með því kasta LEGO® teningnum og gerir eftirfarandi:



Ljós gróf

Láttu eða hreyfðu eitt af þínum skrímslum á ljósa gróf.
Ef að engin ljós gróf er í boði þá er umferðin þín samt búin.



Dökk gróf

Láttu eða hreyfðu eitt af þínum skrímslum á dökka gróf.
Ef að engin dökk gróf er í boði þá er umferðin þín samt búin.



Ljós eða dökk gróf

Láttu eða hreyfðu eitt af þínum skrímslum á eina tóma gróf af þínu vali.
Ef að engin gróf er í boði þá er umferðin þín samt búin.



Beinagrind

Láttu eina beinagrind á tóma gróf af þínu vali. Beinagrindur gilda sem skrímsli af öllum gerðum og allir leikmenn geta notað þær til að mynda fjóra í röð.



Ærslagangur í kirkjugarðinum

Taktu eitt skrímsli sem annar leikmaður á af borðinu og settu eitt af þínum skrímslum í staðin.



Köngulóarhopp

- Færðu köngulóna á nýjan grafreit. Grafreitir samanstendur af fjórum gröfum í sama lit í horni á kirkjugarðinum.
- Þegar köngulóin happar á grafreit þá flýja öll skrímslin af honum og þau fara aftur til leikmanna sinna.
- Beinagrindurnar eru ekki hræddar við köngulóna og eru áfram þar sem þær eru.
- Leikmenn geta sett skrímslin sín á grafreitinn þar sem köngulóin er þótt hún sé þar. Köngulóin hræðir skrímslin bara í burtu þegar hún happar þangað.

Að vinna spilið

Fyrsti leikmaður til að fá fjóra í röð vinnur! Þú getur líka unnið með því að fá fjóra í röð á ská og með því að nota sambland af beinagrindum og skrímslum:

4 skrímsli af sama lit

3 skrímsli af sama lit og 1 beinagrind

2 skrímsli af sama lit og 2 beinagrindur

1 skrímsli af sama lit og 3 beinagrindur



LEGO hallinn
Besta leiðin til að taka upp LEGO kubbana er að halla þeim áður en þú tekur þá upp.

BREYTTU



ÞINN LEIKUR – ÞÍNAR REGLUR

LEGO® teningurinn færir þér frelsi til að breyta leiknum og gera hann að þínum. Þú getur breytt spilasvæðinu, hlutunum og jafnvel reglunum. Hver breyting gerir spilið meir og meir að ÞÍNUM leik.

Lykillinn að því að breyta leik er að breyta bara einum hlut í einu. Þannig getur þú séð hvaða breytingar gera leikinn skemmtilegri. Ef þér líst vel á það, haltu því þannig og prófaðu að breyta fleiru.

Að breyta leiknum er alltaf skemmtilegra þegar það er gert saman. Þannig vita allir reglurnar og vita hverju er verið að breyta. Vertu líka viss um að allirf viti af nýjum reglum **ÁÐUR** en þið byrjið að spila.

Nú þegar þú kannt að spila leikinn með okkar reglum skaltu prófa að breyta þessum reglum í spiliinu og eftir það getur þú gert þínar eigin reglur.



1) Beinagrinda stoppari

Beinagrindurnar gilda ekki lengur fyrir allt heldur STOPPA þau röðina. Þegar þú færð hvítt á teninginn hefur þú tvo valkosti:

- Láttu beinagrind á tóma gróf til að stoppa að það sé hægt að mynda röð þar sem beinagrindin er, **EDA**
- Láttu beinagrind ofan á skrímsli. Skrímsli sem er fast undir beinagrind verður ekki hrætt við köngulóna og það er ekki hægt að færa það eða skipta á því þangað til að beinagrindin er færð þegar einhver fær hvítt á teninginn..



2) Vinur minn köngulóin

Hvað ef köngulóin væri vinur þinn þegar þú færð svart á teninginn? Þegar köngulóin happar á nýjan grafreit hræðir það burt öll skrímslin nema þín.



3) Skipta á stöðum

Láttu skrímslið þitt á einhverja tóma gróf, **EDA** skiptu einhverjum tveimur skrímslum á borðinu. Annað þeirra þarf að vera á ljósgrárrí gróf og hitt þeirra þarf að vera á dökkgrárrí gróf.

Búðu til og deildu þínum reglum

Reyndu að búa til nýjar reglur. Ef þær virka, þá skaltu hala þínum reglum inn á games.LEGO.co.uk og sýna heiminum hvað þú gerðir. Þú getur líka skoðað hvað aðrir hafa búið til og prófað leikinn með þeirra reglum.

Farðu á vefinn!

games.LEGO.co.uk er uppfullt af sniðugum hlutum. Það eru stutt myndskreið sem sýna þér hvernig á að spila leikinn og öll hin LEGO spilin. Þú getur líka fundi fleiri leiðir til að Byggja, Spila og Breyta spilunum.

Þýðandi: Sigursteinn J. Gunnarsson.